

Sp.

27. Tillaga til þingsályktunar

[27. mál]

um eignakönnun.

Flm.: Magnús Kjartansson, Jónas Árnason, Karl Guðjónsson, Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er frumvarp til laga um eignakönnun. Skal tilgangur frumvarpsins vera sá að afla sem gleggstrar vitneskju um eignaskiptingu hér á landi og sérstaklega um eignasöfnun af völdum verðbólgu og gengislækkana, svo að síðar sé unnt að nota þá vitneskju til þess að afla fjár til aukins atvinnuöryggis og tekjujöfnunar.

Greinargerð.

Á þeim áratug, sem nú er að líða, hafa meiri fjármunir streymt um þjóðfélagið en nokkru sinni fyrr. Aukið aflamagn og stórbætt viðskiptakjör færðu Íslendingum milljarðafúlgur aukalega ár eftir ár, auk þess sem milljarðar króna hafa verið teknir að láni erlendis á sama tíma og fluttir til landsins. Þegar erfiðleikar steðja að eftir slíkt velmegunartímabil, er nauðsynlegt að afla sem gleggstrar vitneskju um það, hvar þessir miklu fjármunir hafa stöðvazt í þjóðfélaginu, hvernig eignaskiptingu er háttað, svo að unnt sé að jafna óhjákvæmilegum byrðum réttlátlega niður. Sérstaklega er mikilvægt að afla vitneskju um þá aðila, sem hagnast hafa á verðbólgu og opinberum aðgerðum, svo sem siendurteknum gengislækkunum, án þess að leggja af mörkum nokkra gagnlega félagslega þjónustu. Undanbragðalaus könnun á þessum aðstæðum og réttlát skattheimta í samræmi við niðurstöður hennar eru forsendur þess, að samkomulag geti tekizt meðal landsmanna um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra gaf á sínum tíma fyrirheit um, að þannig skyldi að málum staðið, ef til nýrra gengislækkana kæmi hér á landi. 12. desember 1966 komst hann svo að orði í þingræðu:

„Loks vil ég gefa þá afdráttarlausu yfirlýsingu, að núverandi ríkisstjórn kemur ekki til hugar að fella gengið. Það er að vísu rétt, að þannig getur staðið á í þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að fella gengi, eins og dæmin sýna bæði hér og annars staðar. Og það væri auðvitað alveg fásinna, ef ég ætlaði að segja, að aldrei kæmi til mála að fella gengi á Íslandi. Slíkt mundi ég aldrei segja, einfaldlega af því að ég ræð því ekki, og það mundi enginn maður trúá mér. Hitt segi ég, og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun frammar, nema því aðeins að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni, fái að borga sinn brúsa fyllilega.“

Tillaga okkar um eignakönnun er flutt í trausti þess, að ríkisstjórnin hafi hug á að standa við þau fyrirheit, sem fólust í þessari yfirlýsingu forsætisráðherra. Hliðstæð tillaga var flutt á síðasta þingi, komst til nefndar, en sofnaði þar svefninum langa.